

## Skóla- og frístundaráðsfundur Reykjavíkur þann 16. desember 2016.

### Tillaga áheyrnarfulltrúa foreldra:

Áheyrnarfulltrúi foreldra leggur til að Skóla- og frístundasvið hafi frumkvæði að því að hefja viðræður við Móðurmál, félag tvítyngdra barna og félag fagfólks á skólasöfnum hvernig best fari á því að gera bókakost Móðurmáls, félags tvítyngdra barna sýnilegan og aðgengilegan fyrir börn af erlendum uppruna. Skoðað verði hvort ekki sé hægt að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun borgarinnar að fé verði veitt til skráningar og hýsingar á þessum bókakosti í Gegni. Þetta myndi samræmast vel umbótaþáttum SFS málproski, læri og lesskilningur, fjölmenningu og áherslu á móðurmál, sjá meðfylgjandi greinargerð

### Greinargerð:

Nú er í gangi þjóðarsáttmáli um læsi. Markmið hans er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Ekki má gleyma að íslenska er ekki fyrsta mál allra skólabarna. Þessi börn hafa líka rétt á því að geta lesið sér til gagns á sínu móðurmáli. Rannsóknir sýna að til þess að ná árangri í lestri þarf maður að geta lesið út frá móðurmáli sínu. Lestur á eigin móðurmáli bætir einnig lestrarhæfni barna á íslensku.

Móðurmál, samtök um tvítyngi, eru regnhlífarsamtök sem halda utan um yfir 25 móðurmálsskóla á Íslandi ( [www.modurmál.com](http://www.modurmál.com) ). Flestir þessir móðurmálsskólar eiga góðan safnkost fyrir börn og unglunga á erlendum móðurmálum þeirra. Sumir skólanna eiga jafnframt safnkost fyrir fullorðna, en margir unglingar lesa fullorðinsbækur. Þrjú stærstu söfnin, portúgalska, ítalska og tékkneska eiga um 4500 bækur. Meiri hluti þessa safnkosts er ekki til fyrir í Gegni og myndi aðgengi að honum vera góð búbót fyrir önnur bókasöfn í landinu. Því miður er þessi safnkostur ekki sýnilegur út á við þar sem sjálfboðaliðasamtök eins og Móðurmál hafa ekki efni á því að vera í Gegni, landskerfi bókasafna.

Skólasöfn er hornsteinn í skólastarfi og gegna grunnhlutverki í lestrarnámi barna. Þrátt fyrir það eru skólasöfn í fjársveldi og það er skiljanlega ekki þeirra fyrsta verk að kaupa bækur fyrir börn af erlendum uppruna. Ef Móðurmál hefði þann möguleika að vera sýnilegt með skráningu í landskerfi bókasafna, gætu skólasöfn fengið lánað efni í millilánasafni frá þessum móðurmálsskólum.

Árlegur kostnaður Móðurmáls með skráningu í Gegni til að geta veitt þessa þjónustu er um 200.000 á ári, þar af er hýsing efnis í Gegni um 150.000 kr. Annar kostnaður væri strikamiðar og utanhald á þjónustu við skólana. Móðurmál hefur á sínum snærum viðurkenndan skrásetjara og myndi sá hinn sami gefa vinnu sína við skráningu til að auðvelda aðgang að erlendu efni. Þetta má hins vegar ekki vera verkefni sem fær styrk til að eins árs og síðan að ári loknu þyrfti að taka allt efni út úr kerfinu. Aðild að Gegni er langtímaskuldbinding, en öllum í hag.

Tillagan var samþykkt samhljóða, sjá fundargerð

<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-90-4>